

5. gr.

86

Hún má ekki fara af heimilinu án vitundar ráðsmannsins.

6. gr.

Hún ræður eldastúlkur spítalans og segir þeim upp vistinni.

7. gr.

Henni ber að sætta sig við breytingar, sem gerðar kunna að verða á þessu erindisbrjefi eða viðbætur við það.

8. gr.

Spítalastjórnin getur vikið henni frá með 6 mánaða fyrirvara, hún getur og sagt af sjer starfi sínu með sama fyrirvara.

Reykjavík, 10. septbr. 1898.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

Erindisbrjef

87

handa gjaldkera og reikningshaldara holdsveikraspítalans í Laugarnesi.

1. gr.

Hann setur veð það, sem af honum er heimtað.

2. gr.

Hann hefir á hendi alla reikningsfærslu spítalans, inn- og útborganir. Bókfærslu sinni og reikningsfærslu skal hann haga eftir því, sem yfirstjórnin segir fyrir.

3. gr.

Hann tekur við öllum tekjum spítalans, og gætir þess, að hafa ávalt svo mikið fje í höndum, að hann geti tafarlaust galdið aðvifandi skuldareikninga spítalans. Hann semur í byrjun hvers mánaðar lauslega áætlun um tekjur og útgjöld spítalans; samkvæmt þessari áætlun útvegar yfirumsjónarmaður honum ávísun landshöfðingja til þess að fá peninga úr landssjóði fyrir þann hinn sama mánuð; komist gjaldkeri í fjeþröng síðar í mánuðinum, semur hann yfirlit yfir orðin og væntanleg útgjöld fyrir þann mánuð, sendir yfirumsjónarmanni og fær þá nýja ávísun.

4. gr.

Gjaldkeri skal borga þá reikninga eina, sem ráðsmaður og yfirumsjónar-

87 maður hafa ritað nöfn sín á. Hann ber ábyrgð á öllum misreikningum, sem finnast kunna, þá er höfuðbók hans er borin saman við reikninga þá, er henni fylgja.

5. gr.

Hann hagar reikningsfærslu sinni þannig, að jafnan sje hægt að fá glöggst sundurliðað yfirlit yfir tekjur og útgjöld.

6. gr.

Einu sinni á mánuði hverjum sendir hann yfirumsjónarmanni og ráðsmanni útdrátt úr höfuðbókinni. Í byrjun hvers missiris sendir hann landshöfðingja gegnum ráðsmann, yfirumsjónarmann og yfirstjórn, útdrátt af öllum reikningum spítalans.

7. gr.

Hann heldur bækur þær, er nú skal greina, en yfirstjórnin löggildir þær:

- a. kassabók,
- b. höfuðbók,
- c. búshlutablek, —
- d. skrá yfir hina holdsveiku.

Að öðru leyti er honum frjálst að hafa þá bókfærslu, er honum þykir hlýða.

8. gr.

Hann semur á ári hverju fyrir lok janúarmánaðar höfuðreikning og búshlutablek fyrir liðna árið; fara reikningar þessir frá honum til yfirumsjónarmanns, þaðan til yfirstjórnarinnar, þaðan til landshöfðingja. Með höfuðreikningnum á að fylgja: a) útdráttur úr skrá þeirri, sem nefnd er í 7. gr. staflað d. ásamt vottorði yfirumsjónarmanns, um það, að hjúkrunardagatalan sje rjett, — b) vottorð frá yfirumsjónarmanni um byrgðir þær af eldivið, ljósmeti og öðru, sem til voru um áramótin, — c) skrá yfir útistandandi skuldir, og — d) aðalyfirlit yfir efnahag spítalans.

Búshlutablek skal fylgja vottorð frá yfirumsjónarmanni um það, að munir þeir, sem taldir eru, hafi verið til við áramótin.

9. gr.

Hann skal sýna yfirumsjónarmanni og yfirstjórn allar bækur sínar með fylgiskjölum og peninga þá, er hann hefir í höndum, bvenær sem þess er krafizt, og ber honum einnig að láta í tje, hvenær sem er, alla þá vitneskju, sem af honum verður heimtuð sem reikningshaldara.

10. gr.

Hann hefir skrifstofu sína opna á þeim tímum, sem yfirstjórnin tiltekur.

11. gr.

87

Honum ber að sætta sig við breytingar, er gjörðar kunna að verða á þess erindisbrjefi eða viðbætur við það.

12. gr.

Spítalastjórnin getur vikið honum frá með 3 mánaða fyrirvara. Hann getur og sagt upp starfa sínum með sama fyrirvara.

Reykjavík, 10. septbr. 1898.

Landshöfðinginn yfir Íslandi

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

Auglýsing

88

um breyting á yfirsetukvennaumdæmum í Suðurmúlasýslu.

Samkvæmt ákvæðum amtsráðsins í Austuramtinu verða yfirsetukvennaumdæmin í Suður-múlasýslu hjer eftir þessi:

1. Áltafjarðarumdæmi: Áltatfjörður frá Lónsheiði að Melrakkanesi
2. Djúpavogarumdæmi: Hamarsdalur frá Melrakkanesi og Hálsþinghá.
3. Berunessumdæmi: Berunesshreppur.
4. Breiðdalsumdæmi: Breiðdalur frá Strúti að Hvalnesskriðum.
5. Stöðvarfjarðarumdæmi: Stöðvarfjörður frá Hvalnesskriðum að Gvendarnesi, að þeim bæ meðtöldum.
6. Fáskrúðsfjarðarumdæmi: Fáskrúðsfjörður frá Hafnarnesi að Kolfreyjustað að þeim bæ meðtöldum.
7. Reyðarfjarðarumdæmi: Frá Berunesi að þeim bæ meðtöldum að Hólma-hálsi.
8. Eskifjarðarumdæmi: Frá Hólmahálsi kringum Eskifjörð að Hratná.
9. Vöðlavíkurumdæmi: Útsveit beggja megin Reyðarfjarðar frá Vattarnesi að Þernunesi, að báðum þeim bæjum meðtöldum, og frá Hrafná norðan megin Reyðarfjarðar að Vöðlavík og Vöðlavík öll.
10. Norðfjarðarumdæmi: Norðfjarðarhreppur.
11. Mjóafjarðarumdæmi. Mjóafjarðarhreppur.
12. Skriðdalsumdæmi: Skriðdalshreppur.
13. Vallauumdæmi: Vallahreppur.
14. Eiðauumdæmi: Eiðadreppur.

Skrifstofu Austuramtsins.

Akureyri, 25. júlí 1898.

Páll Briem.